



NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR LANDSBANKANS HF.

HALDINN Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

4. apríl 2019

1. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda

Ársreikningur bankans vegna ársins 2018 var samþykktur.

2. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2018

Fundurinn samþykkti tillögu bankaráðs um að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2018 sem nemur samtals 0,42 krónu á hlut og að greiðslan verði tvískipt. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar, 0,21 króna á hlut, skal vera 10. apríl 2019. Gjaldldagi síðari greiðslunnar, 0,21 króna á hlut, skal vera 2. október 2019. Báðar greiðslurnar skulu miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 4. apríl 2019 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Heildar fjárhæð arðgreiðslanna miðað við útistandandi hluti nemur 9.922 milljónum króna, sem samsvarar um 51,5% af hagnaði ársins.

Arðgreiðslur á árinu 2019:

	Króna á hlut	Arðsréttindadagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
Fyrri greiðsla	0,21	4.4.2019	10.4.2019	4.961 m.kr.
Síðari greiðsla	0,21	4.4.2019	2.10.2019	4.961 m.kr.
Samtals	0,42			9.922 m.kr.

3. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu

Fundurinn samþykkti tillögu bankaráðs um eftirfarandi starfskjarastefnu:

1. gr. Markmið

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttar og samfélagslegrar ábyrgðar, að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

2. gr. Starfskjör

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá júlí 2017 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé *samkeppnishæf*, en *hófleg* og *ekki leiðandi*.

Samkeppnishæf starfskjör í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihluta eigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

4. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

5. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögu dótturfélaga að starfskjarastefnu þeirra, sem og tillögu að stjórnarlaunum.

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

8. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins lykilstarfsmanns í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

9. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftari en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

5. Kosning bankaráðs

Eftirtaldir einstaklingar voru kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

Aðalmenn:

Helga Björk Eiríksdóttir
Berglind Svavarsdóttir
Einar Þór Bjarnason
Guðbrandur Sigurðsson
Hersir Sigurgeirsson
Sigríður Benediktsdóttir
Þorvaldur Jacobsen

Varamenn:

Guðrún Blöndal
Sigurður Jón Björnsson

Jafnframt var Helga Björk Eiríksdóttir kjörin formaður bankaráðs.

6. Kosning endurskoðanda

Fundurinn samþykkti að kjósa ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2019. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrtækið Grant Thornton endurskoðun ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2019.

7. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil

Samþykkt var að þóknun til bankaráðsmanna verði kr. 420.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 735.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 525.000. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 210.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 30.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í bankaráði verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 420.000 á ári.

8. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Fundurinn samþykkti í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2020. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

9. Tillaga hluthafa skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995

Hluthafi í Landsbankanum lagði fram, með vísan til 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, tillögu fyrir aðalfundinn um að fram fari rannsókn á tilteknum viðskiptum bankans við tilgreind félög.

Tillagan var ekki samþykkt.